

Hafnarfjarðarbær
Bt Gunnar Axel Axelsson

Regnbogabörn óska eftir formlegum viðræðum um þjónustusamning við Hafnarfjarðarbæ vegna forvarnar og fræðsluverkefnisins www.fyrirlestrar.is

Heimasíðan Fyrirlestrar.is er verkefni sem byggir á rótgrónum grunni Regnbogabarna. Starf Regnbogabarna hefur alltaf verið að veita upplýsingar, fræðslu og hvetja til umræðna með það að markmiði að búa til upplýstara og betra samfélag. Heimasíðan mun ekki einungis innihalda fróðleik og forvarnir um einelti heldur einnig um aðra málaflokka eins og vímuefnavanda, offitu, geðraskanir og fleiri félagsleg mál er varða samfélagið allt. Heimasíðan er ætluð börnum og fullorðnum og verður öllum aðgengileg, þeim að kostnaðarlausu.

Það er vitað að ungt fólk notar netið í daglegu lífi til að afla sér upplýsinga um flesta hluti. Fólk finnur oft sína „fyrstu hjálp“ með aðstoð netsins. Það er því löngu tímabært að stofna slíkt vefsvæði þar sem forvarnir og fræðsla eru aðgengilegar öllum, á einum stað fyrir skóla og stofnanir að veita ókeypis fræðslu frá færustu sérfræðingum landsins beint inn í kennslustofuna eða kaffistofuna á vinnustaðnum, endurgjaldslaust.

Búið er að taka upp 41 fyrirlestur og eru þeir þegar komnir inn á vef okkar. Næstu tölur eru fyrirhugaðar í haust á 15 nýjum fyrirlesturum og 45 á næsta ári svo að í lok ársins 2014 verði komnir um 100 fyrirlestrar inn á vefinn. Við vonumst til að fyrirlestrarnir verði orðnir um 250 talsins í lok 2016.

Regnbogabörn sjá um alla framkvæmd og fjármögnun á verkefninu og leitast nú við að gera þjónustusamning við Hafnarfjarðarbæ í því formi að Hafnarfjarðarbær veiti 500.000 kr. á ári næstu 3 árin gegn því að fá ótakmörkuð afnot af öllu efni vefsins. Allir réttthafasamningar liggja fyrir á skrifstofu Regnbogabarna sem og ársreikningar samtakanna síðustu 10 árin, undirrituð af endurskoðanda og stjórnnum samtakanna sé þess óskað. Samtökin Regnbogabörn eru ekki með neinn launaðan starfsmann og er öll vinna unnin í sjálfboðastarfi. Einungis er greitt fyrir aðkeypta verktakavinnu s.s. eins og forritun, upptökur og eftirvinnslu, hýsingu vefs, þróunarvinnu, vefvinnu og auglýsingar o.s.fv.

Það er von okkar að við náum að setjast niður sem allra fyrst og gera með okkur samstarfssamning sem getur orðið forvarnar og fræðslumálum Hafnarfjarðar til framdráttar og fyrirmyndar um langt skeið. Hafnarfjörður yrði fyrsta sveitafélagið til þess að gera slíkan samning.



HAFNARFJÖRÐUR

Bestu kveðjur

Stefán Karl Stefánsson

Stofnandi og formaður Regnbogabarna.

